

## Tillaga um að tilgreina bæði kynhneigð og kynvitund í Mannréttindakafla/jafnræðisreglu stjórnarskrár

Undirrituð félagasamtök óska eftir að kynhneigð<sup>1</sup> og kynvitund<sup>2</sup> verði tilgreind sérstaklega í jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar sem nú er 65. grein, en verður líklega 2. grein. Tökum við undirrituð því í sama streng og í erindi Q Félags Hinsegin Stúdenta, dagsett 16. júní 2011.

Leggjum við til að fyrsta málsgrein hljómi þannig eftir breytinguna:

*Öll erum við jöfn fyrir lögum og skulum njóta mannréttinda án nokkurs manngreinarálits, svo sem vegna kynferðis, aldurs, arfgerðar, búsetu, efnahags, fötlunar, kynhneigðar, kynvitundar, kynþáttar, litarháttar, skoðana, stjórnálagatengsla, trúarbragða, tungumáls, uppruna, ætternis og stöðu að öðru leyti.*

Áratugalöng mannréttindabarátta hinsegin fólks á Íslandi gegn mismunun hefur nýlega borið þann árangur, að hjónabönd samkynhneigðra eru nú leyfð skv. lögum. Söguleg tímamót urðu þann 17. júní 2011 þegar Suður-Afríka kynnti ályktun sem Mannréttindaráð S.Þ. samþykkti og „[staðfesti] algild mannréttindi og tekur til greina áhyggjur vegna ofbeldisverka og mismununar á grundvelli kynhneigðar og kynvitundar.“ („Historic Decision at the United Nations“, 2011). Samkvæmt skilgreiningu Alþjóða lögfræðinganeftardarinnar<sup>1,2</sup>, vísa þessi tvö orð til lesbía, homma, tvíkynhneigðra og transfólks (LGBT) auk draglistafólks og intersex fólks, en þó mannréttindabarátta hinsegin fólks sé í góðum farvegi á Íslandi, er baráttunni alls ekki lokið. Enn má finna samfélög þar sem dauðarefsing liggur við, fyrir það eitt að vera hinsegin. Víða um heim býr hinsegin fólk við þann raunveruleika að refsing liggur við allri jákvæðri umræðu um málefni hinsegin fólks.

Í fullkomnum heimi, þyrfti ekki að telja upp allskonar minnihlutahópa sem bannað er að mismuna eins og kom fram í kynningu Suður-Afríku á áðurnefndri ályktun en þar var vitnað í 2. grein Mannréttindayfirlýsingar S.Þ.: „hver maður skal eiga kröfu á réttindum og frjálsræði og skal þar engan greinarmun gera“. („Historic Decision at the United Nations“, 2011) Blóðug saga mannréttindabrota sýnir þó svo ekki verður um villst, að fólki var og er enn mismunað þrátt fyrir þetta skýra ákvæði.

- 
- 1 Orðið kynhneigð vísar til getu hvers einstaklings til að verða ástfanginn og laðast tilfinningalega og kynferðislega að, og eiga náin og kynferðisleg samskipti við, einstaklinga af gagnstæðu kyni, sama kyni eða fleiri en einu kyni. (Alþjóða Lögfræðinganeftardin, 2007, bls. 6)
  - 2 Orðið kynvitund á við djúpstæða innri tilfinningu sérhverrar manneskju og einstaklingsbundna upplifun hennar á kyni, sem getur samsvarað eða verið andstæð því kyni sem hún var talin hafa við fæðingu, þar með talin persónuleg upplifun á líkamanum ( sem - ef það er gert af frjálsum vilja - gæti falið í sér breytingar á líkamlegu útliti, eða hlutverki með aðstoð lyfja, skurðaðgerðum eða á annan hátt ) og aðrar tjáningar kyns, þar með talinn klæðaburður, málfar og látbragð. (Alþjóða Lögfræðinganeftardin, 2007, bls. 6)

Elsta heimild um orðið kynvitund í íslensku máli, er skv. Ritmálssafni Orðabókar Háskólans í ritinu Birtingur frá 1966, en þá var orðið ekki sett í samhengi við hinsegin fólk. Sem merkingarfræðileg þýðing fellur orðið kynvitund, að okkar mati ákaflega vel að skilgreiningunni á enska hugtakinu „gender identity“ en landlæknisembættið virðist hafa þýtt enska hugtakið á táknfræðilegan hátt sem kynsemd. Það orð er þó ekki jafn gegnsætt merkingarlega og er ekki til í Ritmálssafni Orðabókar Háskólans þegar þetta er skrifað.

Með vinsemd og virðingu,

**Samtökin'78,**

Laugavegi 3, IS-101 Reykjavík, <http://www.samtokin78.is/>, S. 5527878, [skrifstofa@samtokin78.is](mailto:skrifstofa@samtokin78.is)

**Bleiki hnefinn - aðgerðahópur róttækra kynvillinga,**

<http://www.facebook.com/hnefinn> [bleikihnefinn@gmail.com](mailto:bleikihnefinn@gmail.com)

**FAS, Samtök foreldra og aðstandenda samkynhneigðra,**

<http://www.samtokinfas.is/>, [fas@samtokinfas.is](mailto:fas@samtokinfas.is)

**FAS-N, Samtök foreldra og aðstandenda samkynhneigðra á Norðurlandi,**

tengiliður: Brynjar Ingi Skaptason [billi@vma.is](mailto:billi@vma.is)

**Félag hinsegin foreldra,**

<https://www.facebook.com/profile.php?id=100000680199173&sk=info> tengiliður: Guðlaug Jónsdóttir, [guðlaug@opm.is](mailto:guðlaug@opm.is)

**Hin Börnin,**

<http://www.facebook.com/people/Hin-B%C3%B6rnin/722526733> tengiliður: Margrét Magnúsdóttir, [margretdeleon65@yahoo.com](mailto:margretdeleon65@yahoo.com)

**Hinsegin dagar í Reykjavík – Gay pride,**

Pósthólf 80, 121 Reykjavík, <http://gaypride.is/>, tengiliður: [thorvaldur.kristins@simnet.is](mailto:thorvaldur.kristins@simnet.is)

**HIN, Hinsegin Norðurland,**

<http://www.facebook.com/group.php?gid=131573536407>, [samtokin78nordurlandi@gmail.com](mailto:samtokin78nordurlandi@gmail.com), tengiliður: María Ólafsdóttir, [gardinustong@gmail.com](mailto:gardinustong@gmail.com)

**HIV-Ísland, alnæmissamtökin á Íslandi,**

Hverfisgata 69, 101 Reykjavík, <http://hiv-island.is/>, S. 5528586, [hiv-island@hiv-island.is](mailto:hiv-island@hiv-island.is)

**Íþróttafélagið Styrmir,**

<http://www.styrmir.org/> Alfreð Hauksson formaður, S.844 4935

**KMK skemmtifélag,**

<https://www.facebook.com/kmk.sms> tengiliður: Sigurbjörg Einarsdóttir, S.898 7791

**Lez Jungle,**

<http://lezjungle.forumotion.com/> tengiliður: Heiður Björk Friðbjörnsdóttir, S.869 9266

**Mannréttindastofa Íslands,**

Túngata 14 , 101 Reykjavík , <http://www.humanrights.is/> , S.5522720 , [info@mannrettindi.is](mailto:info@mannrettindi.is)

**Q, Félag Hinsegin Stúdenta,**

Laugavegi 3, IS-101 Reykjavík, <http://queer.is/> , [gay@hi.is](mailto:gay@hi.is)

**Trans Ísland, félag transgender fólks á Íslandi,**

Laugavegi 3 , IS-101 Reykjavík, <http://www.trans.is/> , [transiceland@gmail.com](mailto:transiceland@gmail.com)

**Heimildaskrá:**

Alþjóða Lögræðinganefndin. (2007, 26. mars). Yogyakarta Principles - Principles on the application of international human rights law in relation to sexual orientation and gender identity. Sótt 28. júní 2011 af <http://www.unhcr.org/refworld/docid/48244e602.html> .

Historic Decision at the United Nations: Human Rights Council Passes First-Ever Resolution on Sexual Orientation and Gender Identity. (2011, 17. júní). *International Gay & Lesbian Human rights commission. Human rights for everyone. Everywhere.* Human Rights, . Sótt 19. júní 2011 af <http://www.iglhrc.org/cgi-bin/iowa/article/pressroom/pressrelease/1417.html> .